

Föstudagur, 20. október, 2006

13.00-16.00 OPIÐ MÁLÞING Á HÓTEL SÖGU: HREYFING - LYKILL AÐ LENGRA OG BETRA LÍFI

Rúta fer frá Hótel Sögu að málþingi loknu upp á Reykjalund.

Kl. 17.00 35. ÞING SÍBS HALDIÐ Á REYKJALUNDI

1. Þingsetning: Sigurður Rúnar Sigurjónsson, formaður SÍBS
2. Kosning tveggja þingforseta
3. Kosning tveggja þingritara
4. Kosning 3ja manna í starfsnefnd þingsins
5. Kjörbréfanefnd skilar álit

6. Skýrslur lagðar fram:
 - Skýrsla stjórnar SÍBS
 - Skýrsla um Happraetti SÍBS
 - Skýrsla stjórnar Reykjalundar
 - Skýrsla stjórnar Múlalundar
 - Skýrsla stjórna Múlabæjar og Hlíðabæjar

 - Skýrslur fastanefnda
 - Skýrslur sambandsdeilda
 - Skýrslur HL-stöðva

7. Erindi, reikningar og tillögur lagðar fram (umræðum frestað)

ÞINGFUNDI FRESTAÐ

Laugardagur, 21. október, kl. 9:00

8. Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar SÍBS og fyrirtækja sambandsins
9. Umræður um erindi og tillögur (aðrar en um lagabreytingar)
10. Lagabreytingar, tillögur laganefndar til afgreiðslu
11. Reikningar SÍBS og stofnana þess til afgreiðslu
 - a. Reikningar SÍBS
 - b. Reikningar Happraettis SÍBS
 - c. Reikningar Reykjalundar
 - d. Reikningar Múlalundar
 - e. Reikningar Múlabæjar og Hlíðabæjar

Eftir afgreiðslu reikninga er gert ráð fyrir hálf tíma hléi, sem nýtt verði til samráðsfunda og undirbúnings fyrir kosningar.

12 Kosningar:

Að óbreyttum lögum, uppstillingarnefnd skilar álit:

- a. Kosning formanns stjórnar SÍBS til tveggja ára
- b. Kosning varaformanns SÍBS til tveggja ára

- c Kosning sjö meðstjórnenda til tveggja ára
- d Kosning þriggja varamanna til tveggja ára

- e Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga SÍBS og tveggja varamanna til tveggja ára
- f Kosning þriggja fulltrúa og varamanna þeirra í stjórn Reykjalundar-
endurhæfingarmiðstöðvar til tveggja ára. Formaður skal kjörinn úr hópi þriggja
aðalmanna
- g Kosning fjögurra fulltrúa og varamanna þeirra í stjórn Múlalundar til tveggja ára.
Formaður skal kjörinn úr hópi fjögurra aðalmanna
- h Kosning fjögurra manna til tveggja ára í fastanefndir SÍBS (aðrar en umsýslunefnd)
- i Kosning tveggja manna til tveggja ára í umsýslunefnd

Að því gefnu að lagabreytingar verði samþykktar, er gert ráð fyrir að aðildarfélögin (stoðirnar 5) tilnefni hvert sinn fulltrúa í stjórn. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að SÍBS deildirnar komi fram sem ein stoð við tilnefningu í stjórn, en eru og verða að öðru leyti algerlega sjálfstæð félög.

Sambandsþingið kýs síðan 3 menn til viðbótar og 3 varamenn. Formaður er kosinn sérstaklega. Þingið velur einnig varaformann úr hópi stjórnarmanna í aðalstjórn. Røð varamanna verði ákveðin með hlutkesti á fyrsta stjórnarfundum eftir sambandsþingi. Fari svo, að einhver hinna tilnefndu fulltrúa í stjórn verði kjörinn formaður, skal viðkomandi aðildarfélag strax tilnefna annan fulltrúa í hans stað í stjórnina.

Ef lagabreytingartillögur ná fram að ganga er gert ráð fyrir að stjórn SÍBS skipi fulltrúa í stjórnir Reykjalundar, Múlalundar, Múlabæjar og Hlíðabæjar. Því verður ekki kosið um þá fulltrúa á þingi.

Ef lagabreytingartillögur ná fram að ganga er gert ráð fyrir að fastanefndir verði: félagsmálanefnd, laga- og skipulagsnefnd, uppstillingarnefnd og umsýslunefnd. Kosið verður í þær nefndir á þingi.

13 Ákvörðun um árlegan skatt deilda til sambandsins næstu tvö starfsár.

14 Önnur mál.

15 Þingslit.

Kl. 19:30 Kvöldverður á Reykjalundi

Þingforsetar ákveða hlé á þingstörfum.

Rútur ganga að og frá Reykjalundi í tengslum við þingið og kvöldverðinn og frá Hótel Sögu að loknu máliþingi.